# Ársreikningur 2014

Akraneskaupstaður

Gáma

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 3 |
| Skýrsla og áritun stjórnar | 5 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8-9 |
| Sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11-14 |


Gáma
kt. 410169-4449
Stillholti 16-18
300 Akranes

# Áritun endurskoðenda

Til Bæjarráðs Akraness.

Við höfum endurskoðað ársreikning Gámu fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Gámu á árinu 2014, efnahag hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu bæjarráðs**
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarráðs sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, 12. maí 2015.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

Löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla og áritun stjórnar

Gáma er A hluta stofnun sem hefur með höndum rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi.

Rekstrartekjur fyrirtækisins á árinu námu 74 millj. kr., en hagnaður ársins nam 5,4 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir fyrirtækisins í árslok 13,9 millj. kr. og heildarskuldir 15 millj. kr. Neikvætt eigið fé í lok ársins nam 1,1 millj. kr.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi Gámu.

Ársreikningur Gámu er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu Gámu á árinu 2014, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Bæjarráð Akraness hefur í dag rætt ársreikning Gámu fyrir árið 2014 og staðfestir hann með undirritun sinni. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, 16. apríl 2015.

**Bæjarráð:**

**Bæjarstjóri:**

# Rekstrarreikningur ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2014 Áætlun | 2013 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Þjónustutekjur | 2 | 74.004.000 | 74.000.000 | 72.216.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 8 | 366.000 | 640.000 | 517.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 66.830.641 | 68.170.000 | 63.958.413 |
| | 3 | 67.196.641 | 68.810.000 | 64.475.413 |
| Afskriftir | 5,11 | 1.108.272 | 1.108.000 | 1.108.272 |
| | | 68.304.913 | 69.918.000 | 65.583.685 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | | 5.699.087 | 4.082.000 | 6.632.315 |
| **Fjármagnsliðir:** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 225.408 | | 372.831 |
| Vaxtagjöld | | (504.283) | (1.715.000) | (1.242.013) |
| | 4,10 | (278.875) | (1.715.000) | (869.182) |
| **Hagnaður ársins** | 1,7 | **5.420.212** | **2.367.000** | **5.763.133** |

# Efnahagsreikningur

## Eignir:

| | Skýr. | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Húseignir | | 7.360.713 | 7.687.869 |
| Lóðarframkvæmdir | | 4.753.213 | 4.930.381 |
| Búnaður og tæki | | 1.820.173 | 2.424.121 |
| Fastafjármunir | 11 | 13.934.099 | 15.042.371 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakrafa, Aðalsjóður | 12 | | 1.297.961 |
| Veltufjármunir | | 0 | 1.297.961 |
| **Eignir samtals** | 1 | **13.934.099** | **16.340.332** |

# 31. desember 2014

## Eigið fé og skuldir:

| | Skýr. | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
| --- | --- | --- | --- |
| **Eigið fé:** | | | |
| (Ójafnað) eigið fé | 13 | (1.047.598) | (6.467.810) |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 6,14 | 13.234.000 | 12.868.000 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Aðalsjóður | 15 | 0 | 8.821.912 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Aðalsjóður | 12 | 1.747.697 | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | | 1.118.230 |
| | | 1.747.697 | 1.118.230 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 14.981.697 | 22.808.142 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 1 | **13.934.099** | **16.340.332** |

# Sjóðstreymi árið 2014

| | Skýr. | 2014 | 2014 Áætlun | 2013 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Hagnaður ársins | | 5.420.212 | 2.367.000 | 5.763.133 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | | 1.108.272 | 1.108.000 | 1.108.272 |
| Verðbætur langtímaliða | | 102.574 | 913.000 | 582.045 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 366.000 | 640.000 | 517.000 |
| Veltufé frá rekstri | | 6.997.058 | 5.028.000 | 7.970.450 |
| Handbært fé frá rekstri | | 6.997.058 | 5.028.000 | 7.970.450 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | |
| Afborganir langtímalána | | (10.042.716) | (1.504.000) | (6.559.059) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | | 3.045.658 | (3.524.000) | (1.411.391) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (6.997.058) | (5.028.000) | (7.970.450) |
| Hækkun á handbæru fé | | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | **0** | **0** | **0** |

# Skýringar

**Reikningsskilaaðferðir:**

*Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

*Innlausn tekna*

2. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra og tengdan kostnað. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

*Færsla gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

*Verðlags- og gengisviðmið*

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

*Varanlegir rekstrarfjármunir*

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 40 ár |
| Lóðarframkvæmdir | 12 ár |
| Búnaður og tæki | 7 ár |

*Lífeyrisskuldbinding*

6. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Gámu er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

*Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

7. Fjárhagsáætlun Gámu fyrir árið 2014 er hluti ársreikningins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 16.

   Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

**Skýringar, frh.:**

**Launagjöld:**

| | 2014 | 2014 Áætlun | 2013 |
|---|---|---|---|
| 8. Launagjöld greinast þannig: | | | |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 366.000 | 640.000 | 517.000 |

**Rekstrargjöld:**

9. Tegundir rekstrargjalda Gámu greinast þannig:

| | 2014 | 2014 Áætlun | 2013 |
|---|---|---|---|
| Vörukaup og viðhaldsvörur | | 277.000 | 194.640 |
| Starfsmanna- og leigubifreiðar | 320.000 | 391.000 | 294.000 |
| Sérfræðiþjónusta | 163.550 | 720.000 | 778.725 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta | 64.957.637 | 63.619.000 | 60.834.594 |
| Leigugreiðslur | | 1.012.000 | |
| Orkukaup | | | 16.799 |
| Mannvirkjagerð og viðhald | 121.192 | 896.000 | 623.850 |
| Vátryggingar og opinber gjöld | 1.268.262 | 1.255.000 | 1.215.805 |
| | 66.830.641 | 68.170.000 | 63.958.413 |

**Fjármagnsliðir:**

10. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2014 | 2014 Áætlun | 2013 |
|---|---|---|---|
| *Fjármunatekjur* | | | |
| Vaxtatekjur eigin fyrirtækja | 225.408 | 0 | 372.831 |
| *Fjármagnsgjöld* | | | |
| Vaxtagjöld eigin fyrirtækja | 401.709 | 802.000 | 659.968 |
| Verðbætur eigin fyrirtækja | 102.574 | 913.000 | 582.045 |
| | 504.283 | 1.715.000 | 1.242.013 |
| Fjármagnsliðir samtals | (278.875) | (1.715.000) | (869.182) |

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

11. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Húseignir | Lóða-framkvæmdir | Búnaður og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð í ársbyrjun | 13.085.865 | 45.908.574 | 7.549.357 | 66.543.796 |
| Afskrifað í ársbyrjun | (5.397.996) | (40.978.193) | (5.125.236) | (51.501.425) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 7.687.869 | 4.930.381 | 2.424.121 | 15.042.371 |
| Afskrifað á árinu | (327.156) | (177.168) | (603.948) | (1.108.272) |
| Bókfært verð í árslok | 7.360.713 | 4.753.213 | 1.820.173 | 13.934.099 |
| Heildarverð samtals | 13.085.865 | 45.908.574 | 7.549.357 | 66.543.796 |
| Afskrifað samtals | (5.725.152) | (41.155.361) | (5.729.184) | (52.609.697) |
| Bókfært verð í árslok | 7.360.713 | 4.753.213 | 1.820.173 | 13.934.099 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5% | 8% | 8% | |
| Vátryggingarmat | 31.000.000 | | | |
| Fasteignamat | 75.510.000 | | | |

**Skýringar, frh.:**

**Viðskiptastaða við Aðalsjóð:**

12. Viðskiptastaða er við Aðalsjóð í árslok, viðskiptahreyfingar ársins eru vaxtareiknaðar.

**Eigið fé:**

13. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Ójafnað eigið fé í ársbyrjun | (6.467.810) | (12.230.943) |
| Hagnaður ársins | 5.420.212 | 5.763.133 |
| | (1.047.598) | (6.467.810) |

**Skuldbindingar:**

14. Á Gámu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna hennar sem eiga aðild að Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á mati tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Enginn lífeyrir var greiddur á árinu. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi sem langtímaskuld. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

| | 31.12.2014 |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun | 12.868.000 |
| Breyting ársins | 366.000 |
| Skuldbinding í árslok | 13.234.000 |

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árin 2015-2019 | 0 |
| Árin 2020-2024 | 3.100.000 |
| Árin 2025-2029 | 3.900.000 |
| Síðar | 6.234.000 |
| | 13.234.000 |

**Langtímaskuldir:**

15. Breyting langtímaskulda á árinu greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Langtímaskuldir í ársbyrjun | 9.940.142 |
| Afborganir ársins | (10.042.716) |
| Verðbætur | 102.574 |
| Langtímskuldir samtals | 0 |

**Skýringar, frh.:**

16. Samanburður rekstraráætlana:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2014 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun Gámu, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar fjárhags-áætlun | Fjáhags-áætlun með viðaukum |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarniðurstaða | 2.367.000 | | 2.367.000 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 1.108.000 | | 1.108.000 |
| Verðbætur og gengismunur | 913.000 | | 913.000 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 640.000 | | 640.000 |
| Veltufé frá rekstri | 5.028.000 | 0 | 5.028.000 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Eigin verðbréf, breyting | (1.504.000) | | (1.504.000) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (1.504.000) | 0 | (1.504.000) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Eigin fyrirtæki, breyting | (3.524.000) | | (3.524.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (3.524.000) | 0 | (3.524.000) |
| Hækkun á handbæru fé | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | 0 | 0 | 0 |